

Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla 2009

1. ÞÁTTTAKA FÉLAGA

1.1 Þátttaka í deildarbikarkeppni KSÍ er heimil öllum félögum, sem tóku þátt í Íslandsmóti meistaraflokks karla 2008.

2. HLUTGENGI LEIKMANNA

2.1 Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með, og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna.

3. FYRIRKOMULAG KEPPINNAR

3.1 Heimilt er að skipta keppni í 3 deildir, A, B og C, eftir styrkleika liða. Keppnin skiptist í undankeppni (riðlakeppni) og úrslitakeppni (útsláttarkeppni). Tryggja skal þáttökuliðum að minnsta kosti 5 leiki í undankeppni ef unnt er.

3.2 Í undankeppni A-deildar skal 24 liðum skipt í 4 riðla, R1, R2, R3 og R4. Hver riðill skal skipaður 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þáttökulið dregin í riðla eftir styrkleika. Heimilt er að taka tillit til landshluta við skiptingu í riðla. Við niðurröðun í undankeppni er ekki skylt að fylgja hefðbundinni fastri töfluröð. Keppnin er stigakeppni og 2 efstu lið í hverjum riðli vinna sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni, alls 8 lið.

3.3 Í undankeppni B-deildar skal 18 liðum skipt í 3 riðla, R1, R2, og R3. Hver riðill skal skipaður 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þáttökulið dregin í riðla eftir styrkleika. Heimilt er að taka tillit til landshluta við skiptingu í riðla. Við niðurröðun í undankeppni er ekki skylt að fylgja hefðbundinni fastri töfluröð. Keppnin er stigakeppni og efsta lið í hverjum riðli ásamt því liði sem er með bestan árangur í 2. sæti vinnur sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni B-deildar, alls 4 lið.

3.4 Í undankeppni C-deildar skal liðum skipt í 3 riðla, R1, R2 og R3. Hver riðill skal skipaður 5 - 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þáttökulið dregin í riðla eftir styrkleika. Heimilt er að taka tillit til landshluta við skiptingu í riðla. Við niðurröðun í undankeppni er ekki skylt að fylgja hefðbundinni fastri töfluröð. Keppnin er stigakeppni og efsta lið í hverjum riðli ásamt því liði sem er með bestan árangur í 2. sæti vinnur sér rétt til þátttöku í úrslitaleik C-deildar, alls 4 lið.

3.5 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 8 lið og skal leikið skv. útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik (leikið til þrautar):

8 liða úrslit: L1: 1R1 – 2R4 L2: 1R4 – 2R1 L3: 1R2 – 2R3 L4: 1R3 – 2R2

Undanúrslit: L5: SL1 – SL4 L6: SL2 - SL3

Úrslitaleikur: L7: SL5 - SL6

Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.

3.6 Í úrslitakeppni B-deildar taka þátt 4 lið (1R1, 1R2, 1R3, og liðið með bestan árangur í 2. sæti riðlakeppninnar), sem leika til undanúrslita skv. ákvörðun mótanefndar. Sigurvegarar í undanúrslitum leika síðan til úrslita í B-deild.

3.7 Í úrslitakeppni C-deildar taka þátt 4 lið (1R1, 1R2, 1R3 og liðið með bestan árangur í 2. sæti riðlakeppninnar), sem leika til undanúrslita skv. ákvörðun mótanefndar. Sigurvegarar í undanúrslitum leika síðan til úrslita í C-deild.

4. TÍMABIL KEPPINNAR

4.1 Undankeppni skal hefjast í febrúar í A-deild en í mars í B og C-deild. Úrslitakeppni skal lokið fyrir upphaf Íslandsmóts. Mótanefnd getur þó ákveðið að úrslitaleikur A-deildar fari fram síðar.

5. LEIKVELLIR

5.1 Mótanefnd ákveður alla leikstaði og er heimilt að láta leiki fara fram á heimavelli annars leikaðila. Leikir skulu fara fram í knattspyrnuhúsum eða á knattspyrnugrasvöllum, en heimilt skal þó að leika á grasvelli, ef aðstæður leyfa. Úrslitaleikur A-deildar skal fara fram á grasvelli, ef aðstæður leyfa, en annars í knattspyrnuhúsi eða á knattspyrnugrasvelli.

6. LEIKREGLUR

6.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á. Í leikjum í knattspyrnuhúsum gildir, að fari knötturinn í þak hússins í leik, skal leikmaður úr því liði, sem ekki snerti knöttinn síðast, taka innvarp á hliðarlínu, næst þeim stað sem knötturinn snerti þakið.

6.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

7. FJÁRMÁL

7.1 Þátttökugjald skal ákveðið af stjórn KSÍ (fellur niður 2009). KSÍ greiðir vallarleigu í keppninni og allan kostnað vegna dómgæslu (ekki greidd laun til dómara í undankeppni). Hvert félag skal bera kostnað vegna eigin ferðalaga og upphalds í undankeppni beggja deilda, svo og í úrslitakeppni B og C-deilda.

7.2 Heimilt er að selja inn á leiki keppinnar. Það félag sem talið er upp á undan (heimalið) ber ábyrgð á miðasölu, en félögin geta einnig staðið saman að sölnunni. Félag (heimalið) sem hyggst selja inn á leik skal hafa um það fullt samráð við viðkomandi vallarstjórn. Tekjur af miðasölu í riðlakeppni skiptast jafnt á milli leikaðila og skal uppgjör fara fram strax að leik loknum. Félag sem annast miðasölu skal tilkynna KSÍ um heildarfjölda áhorfenda (seldir miðar og aðrir áhorfendur).

7.3 Í úrslitakeppni A-deildar skal greiða lágmarks ferðakostnað, ef hann er fyrir hendi, með tekjum af miðasölu. Liðin sem leika skipta með sér eftirstöðvum (hagnaði eða tapi). Allur kostnaður vegna dómgæslu verður greiddur af KSÍ. Mótanefnd er heimilt að setja nánari ákvæði um úrslitakeppnina.

8. AGAMÁL

8.1 Ef leikmanni er vikið af leikvelli (rautt spjald), skal hann fara sjálfkrafa í bann í næsta leik. Ef leikmanni er vikið af leikvelli í annað sinn í keppninni, skal hann fara sjálfkrafa í bann í næstu tveimur leikjum. Ef leikmanni er vikið af leikvelli í þriðja sinn í keppninni, skal hann fara sjálfkrafa í bann þar til aganefnd hefur fjallað um mál hans. Sjálfkrafa leikbönn verða ekki tilkynnt með skeyti eða faxi.

8.2 Ef leikmaður hefur verið áminntur þrisvar sinnum í keppninni (3 gul spjöld), skal hann fara sjálfkrafa í bann í næsta leik. Ef leikmaður hefur verið áminntur tvisvar sinnum til viðbótar (5 gul spjöld), skal hann fara sjálfkrafa í bann í næstu tveimur leikjum. Ef leikmaður hefur verið áminntur af dómara einu sinni enn í keppninni (6 gul spjöld), skal hann fara sjálfkrafa í bann þar til aganefnd hefur fjallað um mál hans. Sjálfkrafa leikbönn verða ekki tilkynnt með skeyti eða faxi.

8.3 Deildarbikarkeppnin er sjálfstæð hvað varðar agamál og hefur ekki áhrif á önnur mót KSÍ. Leikmaður, sem á eftir að taka út leikbann í landsmóti frá haustinu áður, getur ekki afplánað það í keppninni. Spjöld og refsingar í deildarbikarkeppni 2008 flytjast ekki yfir á keppnina 2009.

8.4 Aganefnd KSÍ fjallar um agabrot, ef þörf þykir, og almennt skal starfsreglum nefndarinnar fylgt eftir því sem við á.

9. DÓMGÆSLA

9.1 Dómaranefnd KSÍ raðar dómurum og aðstoðardómurum til starfa á leiki í A og B-deildum og skulu þeir almennt vera úr hópi deildadómara KSÍ (A, B og C landsdómarar).

9.2 Dómaranefnd KSÍ raðar einnig dómurum til starfa á leiki í C-deild, en það lið sem talið er upp á undan er ábyrgt fyrir aðstoðardómurum með tilskilin réttindi (heimilt er að láta leiki í C-deild fara fram án aðstoðardómara í undantekningartilfellum).

10. STJÓRN KEPPINNAR

10.1 Mótanefnd KSÍ skal annast skiptingu í riðla, niðurröðun leikja og stjórnar keppinni. Hún hefur heimild til að taka lokaákvörðun í málum, sem ekki eru ákveðin í þessari reglugerð eða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Hún skal taka nauðsynlegar ákvarðanir vegna frestana eða slita leikja vegna veðurs og annarra óviðráðanlegra atvika (force majeure).

10.2 Félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Staðfesti skrifstofa KSÍ að leikmaður hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins skv. ofangreindu og tilkynna það viðkomandi félögum. Heimilt er að kæra slíka skráningu til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og skal kærufrestur telja frá þeim degi sem tilkynningin er gefin út.

10.3 KSÍ veitir verðlaun til félaga og viðurkenningar til leikmanna samkvæmt nánari reglum síðar.